

byrgð á hendur undirdómaranum fyrir dóm hans í málinu, þá er engin átylla fyrir þeirri kröfu hans. Þó verður undirdómaranum eigi tildæmdur málskostnaður í málinu, þar sem hann hefur að eins krafizt hans hjá málsfærslumanni áfrýjanda, en staða hans í málinu er eigi slík, að heimild sje til að dæma hann til málskostnaðargreiðslu.

Eptir úrslitum málsins er rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að standa. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, háskólabókavörður í Cambridge Eiríkur Magnússon, hinum stefnda, ritstjóra Birni Jónsýni í Reykjavík, 30 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 40/1893: Hreppsnefnd Vindhælishrepps
 gegn
 forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey.

D ó m u r :

Haustið 1892 lagði hreppsnefnd Vindhælishrepps 20 króna aukaútsvar til hreppsins á kvennaskólann á Ytri-Ey, sjerstaklega á afgangi fasteignar skólans og arð af fæðissölu til námsmeyjanna, en forstöðunefnd skólans færðist undan að greiða gjald þetta. Fór þá hreppsnefndin þess á leit við hlutaðeigandi sýslumann, með

brjefi dags. 2. febr. 1893, að hann tæki útsvarsupphæðina lögtafi, en hann neitaði því með úrskurði, kveðnum upp í fógatarjetti Húnavatnssýslu 22. apríl næst á eptir.

Greindum fógatarjettarúrskurði hefur nú hreppsnefnd Vindhælishrepps skotið til yfirdómsins, að fenginni gjafsókn fyrir yfirdómi og skipuðum málsfærslumanni, með stefnu dags. 30. ágúst f. á., og krafizt þess að úrskurðinum verði hrundið, og fógatinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu lögtaggjörð og að hin stefnda forstöðunefnd verði skylduð til að greiða allan af áfrýjuninni, leiðandi kostnað svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar. Af hálfu hinnar stefnu forstöðunefndar, sem fengið hefur gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjandi úrskurður verði staðfestur, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, svo sem væri það eigi gjafsóknarmál, og hæfileg málsfærslulaun handa hinum skipaða talsmanni.

Kvennaskólinn á Ytri-Ey, sem umrætt útsvar er lagt á, er eign Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, og er lagt til hans fje á ári hverju úr opinberum sjóðum, hlutadeigandi sýslusjóðum, jafnaðarsjóðum og landssjóði, til þess hann geti unnið hlutverk sitt, sem er að veita námsmeyjum nauðsynlega menntun til munns og handa með sem vægustum kjörum. Með því nú að kjör þau, er námsmeyjar sæta á skólanum, eru, eptir því sem upplýst er, svo væg hvað borgun snertir, bæði skoðuð í heild sinni, og eins fæðissalan út af fyrir sig, að kólinn gæti eigi staðizt þann kostnað, er af því leiðir,

án styrks þess, er hann nýtur af opinberu fje, þá getur eigi komið til mála, að telja skólann til arðsamra stofnana eða fyrirtækja, er lagt verði á aukaútsvar til sveitar samkvæmt lögum nr. 12, 9. ágúst 1889. Það verður því að fallast á það, að fúgetinn með hinum áfrýjanda úrskurði neitaði að taka lögtaki útsvar það, er hjer um ræðir, og ber því að staðfesta greindan úrskurð. Eptir atvikum þykir rjett, að áfrýjandinn greiði stefndu sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., og er þar í innifalið málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns hennar, er ákveðst 12 kr. fyrir yfirdómi. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi dæmd nein málsfærslulaun eptir úrslitum málsins.

Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdómi hefur af hendi beggja hinna skipuðu málflutningsmanna málsaðilanna verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi fúgetaúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Vindhælishrepps, greiði stefndu, forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey, sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., þar með talið málsfærslukaup tii hins skipaða talsmanns stefndu fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 12 krónur, og lúkist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.